




Varðar: Umsókn um framkvæmdaleyfi: Fyrsti áfangi í uppbyggingu Laugardalsvallar

Lögð fram umsókn KSÍ ehf., dags. 9. janúar 2025 um framkvæmdaleyfi til að gera upphitaðan Hybrid knattspyrnuvöll (þjóðarleikvang) að laugardalsvelli, á lóð nr. 15 við Reykjaveg, og jafnframt að færa hann um 8 metra nær stúku að vestanverðu, samkvæmt tillögu PLAN Studio, dags. 30. september 2024.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er Laugardalsvöllur á skilgreindu íþróttasvæði Laugardals (ÍP1). Um skilmála innan svæðisins segir: „Þjóðarleikvangar og íþróttamannvirki í Laugardal, ásamt Laugardalslaug og Skautahöll. Einnig stofnanir og skrifstofur í tengslum við íþróttastarfsemi og útivist á svæðinu. Á íþróttasvæðum er gert ráð fyrir allri þeirri starfsemi sem tengist íþróttum og íþróttaiðkun þar sem m.a. er gert ráð fyrir aðstöðu og skipulagðri starfsemi íþróttafélaganna í borginni. Íþróttasvæði þjóna einum eða fleiri borgarhlutum. Sundlaugar flokkast almennt undir íþróttastarfsemi en eru einnig heimilar á opnum svæðum (OP). Á íþróttasvæðum má gera ráð fyrir öllum mannvirkjum sem tengjast starfsemi viðkomandi svæðis, s.s. flóðlýsingu, gervigrasvöllum, stúkubyggingum og íþróttahöllum, sundlaugum, sundhöllum og líkamsræktarstöðvum, samkomusölum, félagsaðstöðu o.s.frv. Gera má ráð fyrir veitingaaðstöðu og íþróttavöruverslun á íþróttasvæðum. Íþróttasvæði innan þéttbýlis sem þjóna einu hverfi eða borgarhluta eru skilgreind sem opin svæði (OP29), sem almennt útivistarsvæði innan þéttbýlis.“

Deiliskipulag/Hverfisskipulag


Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið, dags. 30. janúar 1987 með síðari breytingum.



Yfirlitsmynd sem sýnir færslu grasvallar að aðalstúkunni.

Lýsing á framkvæmd

Um er að ræða framkvæmd sem er fyrsti áfangi í uppbyggingu Laugardalsvallar. Þessi fyrsti áfangi miðar að því að skipta út núverandi grasi fyrir svokölluðu hybrid grasi og setja hitunarkerfi undir keppnisvöllinn (grasflötinn). Jafnframt verður grasflöturinn færður um átta metra að vestanverðri stúku Laugardalsvallar, þ.e. aðalstúkunni. Með þessari framkvæmd verður mögulegt að keppnisleikir fari fram á vellinum stærsta hluta ársins.



Möguleg geymslusvæði fyrir jarðveg.

Á yfirlitsmynd sem var meðfylgjandi umsókninni kemur fram hvar áætlað er að geyma jarðveg sem grafinn verður upp í tengslum við framkvæmdina.

Umsógn og niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í tengslum við uppbyggingu þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnu, Laugardalsvallar. Um er að ræða fyrsta áfanga í mikilvægri framkvæmd sem lýtur að því að betrubæta bágbornar núverandi aðstæður á Laugardalsvelli.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og gildandi deiliskipulag fyrir vesturhluta Laugardals.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Framkvæmdatími: Áætlað er að framkvæmdum verði lokið vorið 2025

Framkvæmdaleyfið er gefið út til 12 mánaða frá útgefnum degi í samræmi við möguleg frávik frá framkvæmdaáætlun, þ.e. frá byrjun árs 2025 og fram til loka árs 2025. Verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflaga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti og henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.
- Eingöngu skal flytja og geyma jarðveg á lóðinni á svæðum merkt fjólublá, sbr. lýsingu á framkvæmd.
- Farið er fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.